





Reykjavík, 24. febrúar 2026
USK25110445

Nýlendugata 19b – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Heimis Más Péturssonar, dags. 29. nóvember 2025, um hækkun og stækkun hússins á lóð nr. 19B við Nýlendugötu. Einnig eru lögð fram fylgigögn; skissa, yfirlitsmyndir af jarðhæð og 3. hæð og ljósmyndir.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Deiliskipulag



Ljósmynd sem fylgdi fyrirspurn



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Nýlendugötu 19b borgarhluta 1 Vesturbæ og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Nýlendureit, samþykkt í borgarráði 8. nóvember 2007, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 19b við Nýlendugötu er bakhús á lóðinni. skv. fasteignaskrá og er því friðað skv. *Lögum um menningarminjar 80/2012* og má því ekki spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi og í samráði við Minjastofnun Íslands.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því að fá að stækka húsið þannig að það nái 3 metrum framur en það gerir í dag og bæta við einni hæð.

Í deiliskipulagi er tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir auknu byggingarmagni á lóðinni.

Að auki er bent á að innan Hringbrautar er í aðalskipulagi skilgreind *Hverfisvernd innan Hringbrautar*. Markmið hverfisverndar er að varðveita og styrkja heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gerir hann að einstökum og eftirsóknarverðum stað í alþjóðlegu samhengi og að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni. Markmiðinu skal náð með því að gætt verði ýtrustu varúðar við þróun byggðar innan svæðisins og að meginmarkmiðum borgarverndunarstefnu verði fylgt eftir í hvívetna. Í því felst m.a. breytingar á ytra útliti bygginga og lóða.



Reykjavík



Niðurstaða

- Neikvætt tekið í erindið, samræmist ekki skipulagi

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík